

Nd.

486. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 7. maí 1940, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt, og vísast um nauðsyn þess til erindis háskólaráðs, sem birt var í greinargerð frv. Þó gerir nefndin þá tillögu, að einkaleyfi háskólans sé framlengt til 1. jan. 1960, og virðist þess full þörf til að ljúka þeim verkefnum, sem háskólaráð telur í erindi sínu. Enn fremur er gerð sú leiðrétting, að vitna til 20. gr. laga nr. 68 1940 um einkaleyfisgjaldið, sem stendur áfram, í stað 15. gr. laga nr. 97/1935, sem eru fallin úr gildi.

Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt með þessari

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að framlengja til 1. jan. 1960 einkaleyfi Háskóla Íslands til þess að reka happdrætti samkvæmt lögum nr. 44/1933, sbr. lög nr. 6/1943 og 20. gr. laga nr. 68/1940.

Alþingi, 22. nóv. 1943.

Ásg. Ásgeirsson,	Jón Pálmason,	Áki Jakobsson.
form., frsm.	fundaskr.	
Jakob Möller.	Skúli Guðmundsson.	